

**Rekstrarfélag
Kaupþings banka hf.**

**Verðbréfasjóðir
Fjárfestingarsjóðir
Fagfjárfestasjóður**

Ársreikningur 2006

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf.

Borgartúni 19

105 Reykjavík

Kt. 700996-2479

Efnisyfirlit

| | | | |
|---|---|------------------------------|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj. | 3 | Efnahagsreikningur | 6 |
| Áritun óháðs endurskoðenda | 4 | Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Rekstrarreikningur | 5 | Skýringar | 8 |

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. var stofnað 30. júní 2003 og annast rekstur Verðbréfasjóða Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóða Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóða Kaupþings banka. Rekstrarfélag Kaupþings banka er dótturfélag Kaupþings Banka hf. og er hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélögum hans.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins fyrir árið 2006 og B-hluta sem inniheldur ársreikning Verðbréfasjóða Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóða Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóðs Kaupþings banka. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2006 að fjárhæð 1.811 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 3.484 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 56,6% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8 %.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. mars 2007.

Í stjórn félagsins:

Þórarinn Sveinsson, stjórnarformaður

Andri Vilhjálmur Sigurðsson

Birgir Örn Arnarson

Framkvæmdastjóri:

Ómar Kaldal Ágústsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. og eigenda hlutdeildarskírteina í Verðbréfasjóðum Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóðum Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóðum Kaupþings banka.

Inngangur

Við höfum endurskoðað ársreikning Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn er í tveim hlutum, A-hluti sem er fyrir Rekstrarfélagið sjálft og B-hluti sem er fyrir Verðbréfasjóði Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóði Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóði Kaupþings banka. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 12 fyrir Rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar nr. 1 - 15 fyrir Verðbréfasjóði Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóði Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóði Kaupþings banka.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðgerðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðgerðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2006, efnahag þeirra 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á árinu, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 23. mars 2007.

Reynir Stefán Gylfason

KPMG hf.

Rekstrarreikningur ársins 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|--|-----------|------------------|----------------|
| Rekstrartekjur: | | | |
| Eignastýringarþóknun | 2 | 2.862.948 | 1.546.823 |
| Söluþóknun | | 104.134 | 83.016 |
| Fjármunatekjur | | 198.386 | 85.725 |
| Heildartekjur | | 3.165.468 | 1.715.564 |
| Fjármagnsgjöld | | (439) | (969) |
| Hreinar rekstrartekjur | | 3.165.029 | 1.714.595 |
| Rekstrargjöld: | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7 | 482.191 | 320.359 |
| Þjónustugjöld til Kaupþings banka hf. | | 159.606 | 137.186 |
| Annar kostnaður | | 313.258 | 200.702 |
| Afskriftir | 9 | 1.065 | 1.065 |
| Rekstrargjöld | | 956.120 | 659.312 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 2.208.909 | 1.055.283 |
| Tekjuskattur | 6 | (397.604) | (190.178) |
| Hagnaður ársins | 11 | 1.811.305 | 865.105 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|--|-------|-------------------------|-------------------------|
| Verðbréf | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 3, 8 | <u>3.379.623</u> | <u>1.861.428</u> |
| Kröfur | | | |
| Viðskiptareikningur við móðurfélag | | 6.364 | 4.731 |
| Viðskiptakröfur | | 760.051 | 341.073 |
| Aðrar skammtímakröfur | | <u>2.854</u> | <u>2.147</u> |
| | | <u>769.269</u> | <u>347.951</u> |
| Aðrar eignir | | | |
| Rekstrarfjármunir | 9 | 4.704 | 5.769 |
| Handbært fé | | <u>327.878</u> | <u>20.574</u> |
| | | <u>332.582</u> | <u>26.343</u> |
| Eignir samtals | | <u><u>4.481.474</u></u> | <u><u>2.235.722</u></u> |

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

| | | | |
|-----------------------------|-------|------------------|------------------|
| Hlutfé | | 43.500 | 43.500 |
| Lögbundinn varasjóður | | 10.875 | 10.875 |
| Kaupréttarsamningar | | 10.208 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | | <u>3.419.642</u> | <u>1.610.190</u> |
| Eigið fé | 10-12 | <u>3.484.225</u> | <u>1.664.565</u> |

Skuldir:

| | | | |
|------------------------------|--|----------------|----------------|
| Skuld við móðurfélag | | 724.691 | 326.321 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | <u>272.558</u> | <u>244.836</u> |
| Skuldir | | <u>997.249</u> | <u>571.157</u> |

Eigið fé og skuldir samtals

| | |
|-------------------------|-------------------------|
| <u><u>4.481.474</u></u> | <u><u>2.235.722</u></u> |
|-------------------------|-------------------------|

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|-------|--------------|--------------|
| Rekstrarhreyfingar: | | | |
| Hagnaður ársins | 11 | 1.811.305 | 865.105 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Áhrif kaupréttarsamninga | | 8.355 | 1.392 |
| Afskriftir | 9 | 1.065 | 1.065 |
| | | 1.820.725 | 867.562 |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum | | 6.408 | 244.607 |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.827.133 | 1.112.169 |
| Fjárfestingarhreyfingar: | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, breyting | | (1.518.194) | (1.317.670) |
| Viðskiptareikningur við móðurfélag, breyting | | (1.633) | (4.731) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (1.519.828) | (1.322.401) |
| Hækkun á handbæru fé | | 307.305 | (210.232) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 20.574 | 230.806 |
| Handbært fé í árslok | | 327.879 | 20.574 |

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Félagið er dótturfélag Kaupþings banka hf. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Eignastýringarþóknun

2. Félagið fær eignastýringarþóknun fyrir rekstur Verðbréfasjóða Rekstrarfélags Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóða Rekstrarfélags Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóðs Kaupþings banka. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs og innifelur eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðanna, laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu. Þá sér rekstrarfélagið um eignastýringu erlendra sjóða sem eru í vörslu erlendra aðila og fær greidda þóknun fyrir.

Verðbréf

3. Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Kaupréttir

4. Móðurfélag félagsins, Kaupþing banki hf., hefur veitt öllum starfsmönnum samstæðunnar kauprétt að hlutabréfum í bankanum á genginu 600. Kaupréttirnir eru innleysanlegir árlega næstu þrjú ár á tímabilinu 20. janúar til 25. febrúar ár hvert, í fyrsta skipti árið 2007. Kostnaður við samninga er gjaldfærður hjá því félagi innan samstæðunnar sem viðkomandi starfsmaður vinnur hjá. Vegna þessa eru á árinu 2006 gjaldfærðar 8.355 þús. kr. meðal launa.

Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Tekjuskattur

6. Félagið er dótturfélag Kaupþings banka hf. Samstæðan nýtir sér heimildir í skattalögum til að skattleggja félög innan samstæðunnar saman. Tekjuskattur hefur verið færður til gjalda í ársreikningi og sem skuld við móðurfélag vegna samsköttunar.

Skýringar, frh.:

Eignastýringarþóknun

Starfsmannamál

| | | |
|--|----------------|----------------|
| 7. Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2006 | 2005 |
| Laun | 387.249 | 269.331 |
| Launatengd gjöld | 94.942 | 51.028 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | <u>482.191</u> | <u>320.359</u> |
| Starfsmannafjöldi á árinu var sem hér segir: | | |
| Starfsmenn í árslok | 33 | 28 |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu | 30 | 28 |

Á árinu störfuðu tveir framkvæmdastjórar og námu laun þeirra samtals 18,7 millj. kr. á árinu. Engin stjórnarlaun voru greidd á árinu.

Verðbréf

| | | |
|---|-------------|------------------|
| 8. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig: | Markaðsverð | Bókfært verð |
| Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands | 995 | 995 |
| Hlutdeildarskírteini | 3.378.628 | <u>3.378.628</u> |
| Samtals | | <u>3.379.623</u> |

Rekstrarfjármunir

| | | |
|--------------------------------------|---|----------------|
| 9. Rekstrarfjármunir greinast þannig | | Bifreiðar |
| Bókfært verð 1.1.2006 | | 5.769 |
| Afskrifað á árinu | (| <u>1.065</u>) |
| Bókfært verð 31.12.2006 | | <u>4.704</u> |
| Afskriftarhlutfall | | 15,0% |

Skýringar, frh.:

Eigið fé

10. Hlutfé félagsins nemur 43,5 millj. kr. í lok árs 2006. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

11. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

| | Hlutfé | Lögbundinn varasjóður | Kaupréttar- samningar | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|-------------------------------|---------------|--------------------------|--------------------------|------------------------|------------------|
| Eigið fé 1.1.2006 | 43.500 | 10.875 | 1.853 | 1.608.337 | 1.664.565 |
| Áhrif kaupréttarsamninga | | | 8.355 | | 8.355 |
| Hagnaður ársins | | | | 1.811.305 | 1.811.305 |
| Eigið fé 31.12.2006 | <u>43.500</u> | <u>10.875</u> | <u>10.208</u> | <u>3.419.642</u> | <u>3.484.225</u> |

12. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 56,6% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|------------------------|-----------|-----------|
| Áhættugrunnur | 6.150.569 | 3.149.796 |
| Eigið fé | 3.484.225 | 1.664.565 |
| Eiginfjárlutfall | 56,6% | 52,8% |